

LÖG

**um breyting á almennum hegningarlögum,
nr. 19 12. febrúar 1940 (barnaklám).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 210. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Gjört á Bessastöðum, 13. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1. janúar 1997“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum kemur: 1. janúar 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 13. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.